



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

8. tbl. 2006, - 16. árg.
Október 2006

Guðspjónusta 12. nóvember 2006

Séra Sigurður Arnarson predikar í kirkju hinnar heilögu þrenningar í Luxembourg sunnuadaginn 12. nóvember kl. 14:00.

Kirkjukór íslenska safnaðarins syngur undir stjórn Hermanns B. Reynissonar.
Séra Sigurður kemur svo aftur til

Luxembourgur um jólin og verður með jólaguðspjónustu þann 23. desember kl. 14:00.

Kirkjunefnin

Í þessu blaði:

Guðspjónusta	1
Íslenskuskólinn	1
Bazar International	1
Skólafri og fri	2
Listasýning Salon 2006 Myndlistarsýning Rúnu	2
Tónleikar Þórunn Egils	2
Danska kirkjan í Lux	2
Echternachgangan Útlendingahátíð Junglinster	3
Aðalfundur Spuna	3
Íslenskur fiskur til Lux	3
Topsquash fréttir	3
Börn, orðtök og málshættir	4
Litlu dálkarnir	4

Íslenskuskóli FÍL með nýju sniði

Í vetur verður bæði kennt í Godbrange á þriðjudögum og svo í International skólanum (ISL) á miðvikudögum. 3 kennarar starfa við skólann Heiða Ingimundardóttir, Elsa Dórothea Kjartansdóttir og Dagný Brodda-dóttir.

Íslenskuskólinn er styrktur af Menntamálaráðuneyti Íslands, Glitni Banka Luxembourg, Landsbanka Luxembourg og Kaupthing Banka Luxembourg.

Kennslan í Godbrange hófst með skráningu þann 3. október og er á þriðjudögum frá 13:30 til 15:30 í sama húsnæði og undanfarin ár í Verainsbau í Godbrange.

Yngri hópur, börn 6 – 8 ára.
Kennari: Heiða Ingimundardóttir
Sími: 691 757 767

Netfang: hei5@hi.is
Eldri hópur, börn 9 – 12 ára.
Kennari: Elsa Dórothea Kjartansdóttir, sími 621 275 779
Netfang: edk3@hi.is.

13 börn voru skráð

Kennsludagar haustannar 2006:

17. október 2006
24. október 2006
7. nóvember 2006
14. nóvember 2006
21. nóvember 2006
28. nóvember 2006

Kennsludagar vorannar 2007:

16. janúar 2007
23. janúar 2007
30. janúar 2007
6. mars 2007
13. mars 2007
20. mars 2007
27. mars 2007

Kennslan í International skólanum hófst með skráningu 11. október og er á miðvikudögum frá 14:30 til 16:30. Kennt er í stofu 008.

Skipt er í 2 hópa og er yngri hópur frá 14:30 til 15:30 og svo eldri hópur frá 15:30 til 16:30.

Kennari: Dagný Brodda-dóttir

Sími: 621 541 292
Netfang: dagny@vma.is.

19 börn voru skráð.

Kennsludagar haustannar 2006:

18. október 2006
25. október 2006
8. nóvember 2006
15. nóvember 2006
22. nóvember 2006
29. nóvember 2006

Kennsludagar vorannar 2007:

17. janúar 2007
24. janúar 2007
31. janúar 2007
7. mars 2007
14. mars 2007
21. mars 2007
28. mars 2007

Kennslan er veitt börnum félagsmanna þeim að kostnaðarlausu.

Vinsamlegast skráið börnin á netfanginu skoli-fil@islandus.net og tilgreinið nafn barnsins, fæðingardag og ár, heimilisfang og síma ásamt nöfnum foreldra.

Ef tími hefur ekki unnist til að skrá börnin, hafið þá samband við kennarana.

Stjórn FÍL



Bazar International verður 2. - 3. desember 2006

Fyrsta helgin í aðventu í ár, ber upp á 2. - 3. desember. Þá verður hinn árlegi Bazar International haldinn í Foires Internationales í Kirchberg.

Opið er laugardag frá 12:00 - 19:00 og sunnudag frá 10:00 - 18:00.

Sölubásar á svæðinu verða frá rúmlega 40 löndum og allir selja vörur og mat frá sínu heimalandi.

Allur söluagóði er gefinn til líknarfélaga víðsvegar um heiminn og verður nánar tilkynnt síðar.

Eftirfarandi eru í Bazarnefnd:
Vala Björg Arnardóttir, formaður
Ingunn Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Guðný Valborg Benediktsdóttir
Elisabet Einarsdóttir
Heiða Ingimundardóttir
Sigríður Bjarkadóttir
Tekla Skowronski

Það vantar sjálfbóðaliða til að afgreiða og aðstoða við ýmis störf, hluta úr degi eða eins og hver getur.

Áhugasamir hafi endilega samband:
Vala sími 621 674 427
Ingunn sími 691 741 858
Elisabet sími 621 363 734

Vonast er til að sjá sem flesta yfir helgina.
Bazarnefndin

Á döfnni:

- Íslenskuskólinn, sjá bls. 1
- Tónleikar Þórunnar Egils
- Listasyn. Katrín Friðriks
- Málverkasýning Rúnu
- Topsquash, fréttir
- Guðspjónustur, sjá bls. 1
- Icekost til Lux - fiskur
- Símaskráin á netið
- Bazar International
- Jólball 17. des. 2006
- Þorrablót 10. feb. 2007

Jólball er fyrirhugað 17. desember 2006



Skólafrí

Hér er neðan eru upplýsingar um skólafrí í Luxembourg árin 2006, 2007 og 2008.

Byrjar	Endar	
2006		
28.10.2006	05.11.2006	All Saints
23.12.2006	07.01.2007	Christmas
2007		
17.02.2007	25.02.2007	Carnival
31.03.2007	15.04.2007	Easter
26.05.2007	03.06.2007	Whit Monday
16.07.2007	14.09.2007	Summer Vacation
27.10.2007	04.11.2007	All Saints
22.12.2007	06.01.2008	Christmas
2008		
02.02.2008	10.02.2008	Carnival
22.03.2008	06.04.2008	Easter
10.05.2008	18.05.2008	Whit Monday
16.07.2008	15.09.2008	Summer Vacation
01.11.2008	09.11.2008	Whit Monday
20.12.2008	04.01.2009	Christmas

www.men.lu (Ministère de l'Education National-Luxembourgish School Ministry)

Frídagar í Luxembourg

2006	
01 Nov 2006	All Saints
25 Dec 2006	Christmas Day
26 Dec 2006	Boxing Day
2007	
01 Jan 2007	New Year
09 Apr 2007	Easter Monday
01 May 2007	Labour Day
17 May 2007	Ascension
28 May 2007	Whit Monday
23 Jun 2007	National Holiday
15 Aug 2007	Assumption
01 Nov 2007	All Saints
25 Dec 2007	Christmas Day
26 Dec 2007	Boxing Day
2008	
01 Jan 2008	New Year
24 Mar 2008	Easter Monday
01 May 2008	Labour Day
12 May 2008	Whit Monday
23 Jun 2008	National Holiday
15 Aug 2008	Assumption
01 Nov 2008	All Saints
25 Dec 2008	Christmas Day
26 Dec 2008	Boxing Day

www.men.lu (Ministère de l'Education National-Luxembourgish School Ministry)

Salon 2006 Listasýning

Salon 2006 er listasamkeppni, sem haldin er árlega á vegum Cercle Artistique de Luxembourg. Sérstakur verndari stofnunarinnar er hertogafrúin af Luxembourg.

Að þessu sinni voru valdir fjórutíu listamenn úr stórum hópi keppenda og þeirra á meðal er íslensk listakona, Katrín Friðriks. Verk þessara listamanna verða til sýnis í Grand Theatre, Rond-Point Schumann, frá 21. október til 12. nóvember næstkomandi. Fræðsluleild sögusafns Luxembourgar býður upp á sérstaka leiðsögn á fimmtudögum kl. 18:00 og á sunnudögum kl. 16:00.

Katrín Friðriks hefur starfað sem listmálari um margra ára skeið og sýnt verk sín bæði á einkasýningum og samsýningum ásamt því að hafa tekið þátt í ýmsum samkeppnum, aðallega í Frakklandi og í Bandaríkjunum.

Hún var valin til að halda sýningu í Musée du Palais Bénédicteine í Fécamp, Norður Frakklandi. Í tilefni sýningarinnar, sem ber yfirskriftina "Mangeurs d'étoiles" og verður opin frá mars til júní 2007, voru hönnuð sérstök málmböx með listaverki Katrínar og verða Benedictine flöskurnar seldar í þessum gjafaböxum í takmörkuðu upplagi sem koma á markaðinn nú í nóvember.

Katrín hefur einnig fengið það verkefni að setja upp eitt verka sinna í Centre Nautique Olympique í Nîmes í suður Frakklandi. Myndin, sem verður brennd á keramikflisar, mun þekja nær heilan vegg í anddyri byggingarinnar og verður fullunnin um 8x10m á stærð. Sundlaugin er í byggingu og er áætluð opnun hennar í september 2007. Á sama tíma verða verk Katrínar kynnt í Musée Carré í Nîmes.

Til gamans má geta þess að Katrín gaf listamanninum Erro eitt af verkum sínum þar sem hann hefur sýnt listsköpun hennar mikinn áhuga og veitt henni stuðning. Verkið, sem er tríptique og heitir "Un éclair venant d'un héros", afhenti hann Listasafni Reykjavíkurborgar og verður því væntanlega komið fyrir á fastasýningu Erros þar.

Þeir sem vilja kynna sér verk Katrínar nánar er bent á vefsíðuna www.katabox.com

Vefsíða Cercle Artistique er www.cal.lu.

Íris Guðjónsson

Klukkan breytist

Þann 29. október er klukkunni breytt yfir á vetrartíma. Munið dagsetninguna.

Ritstjóri

Tónleikar Þórunn Egils

Þórunn Egilsdóttir heldur tónleika í Luxembourg miðvikudaginn 18. október þar sem hún mun kynna nýja diskinn sinn "The moment in Between".

Tónleikarnir verða í Exclusive Show Café í WHITE á rue de Bains í Luxembourg og hefjast kl. 22:30. Aðgangur er ókeypis.

Þessi staður er alveg nýr, heitir WHITE (hét áður BUGATTI) og er við hliðina á VIP en þetta er litla gatan hinum megin við Hotel ROYAL.

Heimasíða Þórunnar er www.thorunn.lu

Ritstjóri

Danska kirkjan í Lux

The Danish Church in Luxembourg Announces its Christmas Fair To be held on

Saturday 25th November 2006

From 10 a.m. to 4 p.m. at

Centre sociétaire, 167 rue de Trèves, Cents

Opening ceremony by the Danish Ambassador Mr. Ole Lisborg and Xavier Bettel City of Luxembourg.

Don't miss this unique opportunity to buy Danish Christmas decorations, needlework, gifts and food specialities

Danish open sandwiches, cakes and drinks will be served in the restaurant.

Many fine prizes to be won by children and adults.

Auglýsing, Dorte Felgen

Myndlistarsýning Rúnu

Guðrún Benedikta Elíasdóttir "Rúna" flutti nýverið til Luxembourgar ásamt fjölskyldu sinni. Hún heldur myndlistarsýningu "Mannleg náttúra / Human nature" í Lux Tech Center sem opnar þann 9. nóvember og stendur til 22. desember.

Verkin á sýningunni eru unnin með Akríl á striga og með aðferðinni "patin au vin" sem er gömul frönsk uppskrift þar sem hvítvín leikur stórt hlutverk í bindiefninu og þykir það einkar viðeigandi þar sem Mósél með alla sína hvítvínframleiðslu er í túnfæti Luxembourgar.

Myndirnar eru unnar hér í Luxembourg, á Íslandi og í gestavinnustofu í Frakklandi þar sem listakonan dvaldi síðasta vetur. Umfjöllunarefnið er Náttúran, maðurinn í náttúrinni og náttúran í mér.

Vefsíða listakonunnar Rúnu er rbenedikta.com.

Ritstjóri

Þorrablótið er fyrirhugað 10. febrúar 2007



Echternachgangan

Echternachganga Fil fór fram laugardaginn 30. september síðastliðinn.

Veðrið lék við þátttakendur og íslensku pylsurnar voru gómsætar eins og venjulega ásamt íslenska sælgætinu sem allir elska að stinga upp í sig.

Er leið að lokum þá ákváðu veðurguðirnir að hella úr skálum sínum sem var allt í lagi því allir höfðu haft góðan dag, saddir, finir og beint í bólið þegar heim var komið. *Stjórn FÍL*

Fiesta Integrale Junglinster

Útlendingahátíðin í Junglinster var fyrst haldin haustið 1995 og hefur verið haldin reglulega síðan eða sex sinnum í allt og var hún síðast haldin 1. október s.l. í mjög góðu veðri og mættu fjölmargir á hátíðina.

Alveg frá byrjun hefur Ísland verið með sölubás á hátíðinni þar sem boðið er upp á reyktan íslenskan lax með heimabökuðu rúgbrauði, íslenskar pylsu með öllu og pönnukökur að hætti íslendinga. Salan hefur alla tíð gengið vel og Ísland verið einn af söluhæstu básunum. Allur ágóði rennur til mismunandi góðgerðarfélaganna sem útlendinganevnd Junglinster ákveður ár hvert. Í útlendinganevndinni eru fulltrúar landa sem búa í sveitafélaginu og eru tveir frá Íslandi þær Elin Egilson og Sólveig Stefánsdóttir.


Margar þjóðir hafa tekið þátt í hátíðinni og hefur þetta alltaf verið mjög skemmtilegt og allir sem tekið hafa þátt í þessu verið samtaka í því að gera daginn ánægjulegan, í ár tóku 17 lönd þátt í hátíðinni sem eru Þýskaland, Belgía, Danmörk, Frakkland, Spánn, Ísland, Ítalía, Japan, Luxemborg, Marokkó, Míritíus, Holland, Portúgal, Sri Lanka, Svíþjóð, Sviss og Thailand. Þess má geta að í sveitarfélaginu Junglinster búa 78 íslendingar.

Margir hafa unnið og hjálpað við undirbúning og sölu og má þar nefna Möggu Rósu, Dystu, Sollu, Heiðu, Elínu, Örnú og fleiri.

Við erum þakklát Luxemborgurum fyrir þetta átak sem er þáttur í því að bjóða aðrar þjóðir velkomnar í land sitt og hefur það tekist með ágætum.

Útlendinganevndin í Junglinster

Gjaldkeri í stjórn FÍL

 Inga Birna Antonsdóttir sem verið hefur gjaldkeri félagsins er nú flutt til Íslands. Stjórnin þakkar Ingu Birnu kærlega fyrir samstarfið.

Ólafur Ólafsson tekur við gjaldkerastarfinu af Ingu Birnu og er Ólafi óskað velfarnaðar í starfi.

Stjórn FÍL

Aðalfundur Spuna

Aðalfundur Leikklúbbsins Spuna var haldinn í Top Squash 10. október síðastliðinn.

Fundinn sátu níu konur og í hópnum var einn nýr meðlimur. Fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og kosning nýrrar stjórnar, sem að vísu er ekki ný þar sem fyrri stjórn samþykkti að halda áfram störfum. Ýmislegt annað viðvíkjandi starfsemi félagsins var rætt. Kom meðal annars fram áhugi á að sviðsetja "alvöru" leikrit óháð þorrablóti, en það hefur klúbburinn ekki gert frá því árið 1984, þegar sýnt var barnaleikritið Krókmakarabær. Hugmyndin er þó aðeins á vinnslustigi enn sem komið er.

Einnig er í vinnslu að halda haustskemmtun fyrir börnin og verður það betur auglýst síðar ef af verður.



Stjórn Spuna skipa Bryndís Kristjánsdóttir, formaður, Stella Jóhannesdóttir, ritari og Íris Þorkelsdóttir, gjaldkeri.

Stjórn Spuna

Topsquash fréttir

Smáþjóðamót í Squash - Skvassi var haldið dagana 4. - 7. október í Topsquash í Sandweiler.

Úrslit mótsins voru þessi:

Karlar

Luxembourg
Kýpur
Liechtenstein
Monaco
Ísland

Konur

Luxembourg
Monaco
Malta
Liechtenstein
Ísland



Það gekk ekki eins illa hjá Íslendingum og lítur út fyrir þegar spáð er í úrslitin, því þau töpuðu mörgum sinnum í 5. lotu og mjög tæplega.

Leikjanámskeið verður haldið í Topsquash fyrir 4 – 12 ára hressa krakka í næsta skólafríi, sjá vefsíðuna fljótlega.

Helstu upplýsingar og dagskrá fyrirtækisins má finna á vefsíðuni www.topsquash.lu.

TRIAL í Dudelange

Þann 8. október var haldin TRIAL keppni í Dudelange í Luxembourg. Keppt var í Motocross og Hillclimbing.

Einn íslendingur, Bjarki Júlíusson tók þátt í keppninni og lenti hann í fimmta sæti.



Íslenskur fiskur og fleira

Senn líður að jólum og Icekost verður með rétta úrvalið fyrir hátíðarmatinn. Eins og alltaf verður úrvalið rækjur, ýsa, steinbítur, þorskur og léttsaltaður þorskur. Svo bætist við skata og ekta íslenskur saltfiskur fyrir Þorláksmessu.

Og ekki má gleyma íslenska lambinu, boðið verður upp á það ábesta lambakjöt sem völ er á, bæði hrygg og læri.

Áhugasamir senda tölvupóst og skrá sig á kunnalista Icekost og þá munu allar upplýsingar verða sendar til viðkomandi um hvenær næsta ferð verður, hvar varan verður afhent og hvaða vara er í boði hverju sinni.

Og svo kemur Icekost líka á jólaballð sem fyrirhugað er í Luxembourg 17. des 2006.

Þau ykkar sem vilja tryggja sér vöru í næstu ferð vinsamlegast sendið okkur tölvupóst á netfangið www.icekost@t-online.de eða hafið samband í síma +49 178 9055 862.

Ekki gleyma skrá ykkur á kunnalistann.

Verðlisti Icekost

Ýsa	2,5kgx14.00€	35.00€
Rækja	2,5kgx14.00€	35.00€
Steinbítur	2,5kgx14.00€	35.00€
Ufsi	5,0kgx 6.50€	32,50€
Þorskur (blokk)	6,0kgx12.50€	75.00€
Léttsalt. Þorskur	2,5kgx13.00€	32.50€
Karfi	5,0kgx15.00€	75.00€

Risarækjur (gambas, blandaðir sjávarréttir, túnfiskssteikur o.fl. er einungis hægt að fá í forþöntun.

Icekost

Símaskráin á Netið

Stjórn FÍL hefur ákveðið að setja símaskrá félagsins á Netið þ.e. á netsíðuna www.islandus.net.

Þeir sem ekki vilja að upplýsingar um sig og sína fari á netsíðuna, vinsamlegast látið stjórn félagsins vita fyrir 1. desember á símaskráfil@islandus.net.

Allar upplýsingar í símaskránni þaðan í frá eru á vefsíðunni og ef einhver þarf að breyta upplýsingum um sig og sína þá breyta þeir því sjálfir á sömu síðu eða hafið samband skv. ofangreindu.

Kíkið á þessa vefsíðu

Map24.is er nýr kortavefur Loftmynda ehf. í samvinnu við MapSolute og er öllum opin til einkaafnota. Kortin af Íslandi eru hluti af nýjum kortagrunni Loftmynda ehf. sem í dag þekur allt Ísland. Á Map24.is er líka hægt að skoða kort af Evrópu og Ameríku. Hægt er að leita að heimilsföngum, fá vegvísun milli staða, finna og bóka hótél ofl.

Viðföri Netverjinn



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@email.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	2670 1540,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigþórsson, varamaður,	2694 5006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 275 779	edk3@hi.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183
Sigurður Kristinsson		787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður,	341 882	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður,	26 945 378
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu

Bækur

The B747 Book by Joe Sutter has been published and is available on www.smithsonianstore.com for \$26.95 plus shipping.

Bifreið

Vegna flutnings til Íslands er til sölu Volvo xc 90 2,5T, bensín, árgerð 2005 (kom á götuna í ágústlok 2004), ekinn 58.000. Bíllinn er dökkblár og lítur út sem nýr. Aukabúnaður; 7. sæti, ljós leðurinnrétting, leiðsögukerfi, bakkvörn, stöðugleikastýring og margt fleira.

Upplýsingar veittar á eva@sa.is og kolbeinn@mfa.is

Tilboð

Golf

Tilboð frá Golfklúbba Kíðjabeigs á Íslandi til Íslendinga sem búsettir eru í Luxembourg, sjá islandus.net Upplýsingar hjá Haraldi Má Stefánssyni, í síma +354 690 4229 og á hallimar_stef@hotmail.com.

Gisting í Frankfurt

Verið velkomin í frábæra gisti-aðstöðu fyrir Íslendinga jafnt sem aðra á ferð og flugi um heiminn. Aukið gistirými. Upplýsingar á: www.appartement-1-frankfurt.de www.appartement-sol-frankfurt.de

Tilkynningar

Tapaðir hlutir

Hvítur stelpu-sólhattur með blómum, tapaðist á 17. júní hátíðinni í sumar. Finnandi vinsamlegast hafi samband á kolbrei@gmail.com

Símanúmerabreyting

Öll Gsm númer í Luxembourg munu breytast þannig að í stað 021 eða 091 í byrjun hvers númers verður að hringja í 621 eða 691. Hægt er að hringja í bæði númerin til 1. febrúar 2007.

Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

Simaskrá

Breytingar

Elsa Dórothea Kjartansdóttir
Gsm 621 275 779
E-mail edk3@hi.is

Kristján Gíslason
Guðrún Benedikta Elíasdóttir
8 rue Raoul Follereau
L-1529 CENTS

Sími 2643 0254
Gsm K 621 497 983
Gsm G 621 743 030
E-mail K kristjang@landsbanki.lu
E-mail G r.benedikta@gmail.com
www.rbenedikta.com

Magnús Ragnarsson
Heiða Ingimundardóttir
Gsm H 691 757 767
E-mail hei5@hi.is

Fæðingar

Bryndís Hauksóttir og Jón Björgvin Björnsson eignuðust dreng þann 27. september 2006. Hann var 17 merkur. Við óskum þeim til hamingju.

Áhugaverðar heimasíður

Luxembourg

www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.luxembourgticket.lu
www.popconcerts.de
www.show.lu
www.topsquash.lu
www.thorunn.lu

Belgía

www.sportpaleis.be
www.botanique.be
www.forestnational.be
www.ancienne-belgique.be

Víðar

www.dohop.com
www.easybycoach.com

Munið eftir að kíkja á www.islandus.net

Börnin búa til sín eigin orðtök og/eða málshætti, skoðum nánar;

“Oft veldur lítill stóll þungum rassi”